Reykjavík

Félagmiðstöðin Buskinn

Starfsáætlun 2026-2027

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 9
Helstu dagsetningar 10
- Ágúst 10
- September 10
- Október 10
- Nóvember 10
- Desember 11
- Janúar 11
- Febrúar 11
- Mars 11
- Apríl 11
- Maí 12
- Júní 12
- Júlí 12

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Buskans auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

1. Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.
2. Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.
3. Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennis af hlýju, öryggi og virðingu.
4. Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
5. Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).
6. Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
7. Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn, unglinga og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
8. Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.
9. Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
10. Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
11. Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

1. Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
2. Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.
3. Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.
4. Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).
5. Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sbr. gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Efling unglingalýðræðis í nemendaráði Vogaskóla/Buskans	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
Tækifæri til umbóta.	Efla þarf tækifæri unglinga til þess að taka þátt í lýðræðislegum ákvarðanatökum um málefni félagsmiðstöðvar og skóla. Hvað varðar dagskrágerð, húsgagna og búnaðarar innkaup, þemavikur og stærri viðburði. Eins og staðan er núna er nemendaráðið lokað val á vegum skólans og hefur þess vegna takmarkandi aðgang fyrir stærri nemendahópinn.
Aðgerðir til umbóta.	Stofna opið Buskaráð sem er allir nemendur unglingadeildar eru sjálfkrafa meðlimir í. Ráðið hittist tvisvar sinnum í mánuði til að byrja með og einblína fundirnir annars vegar á dagskrágerð og almenn innkaup á búnaði og efnivið og svo í miðjum mánuði er opin fundur um málefni sem eru mikilvæg fyrir unglingana að koma að t.d. þemavikur, árshátíð, böll o.s.frv. Í þessu ráði geta unglingar tekið að sér að halda viðburði og stofnað klúbba með stuðning frá starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar.
Ábyrgð	Stjórnendur Buskans og tómstundafræðingur Vogaskóla
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – Desember 2026
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Þetta verkefni er metið í lok annar. Annars vegar með fundi stjórnenda og tómstundafræðings og svo fundi Buskaráðs þar sem árangur er ígrundaður í smærri hópum undir stjórn forstöðumanns.
Viðmið um árangur.	Var Buskaráð stofna Já/Nei Hvernig eru áhrif ráðsins á aðgengi nemenda að ákvarðanatökum?

Heiti aðgerðar: Aðstaða félagsmiðstöðvarinnar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.
Tækifæri til umbóta.	Tækifæri til umbóta eru ekki í höndum stjórnenda félagsmiðstöðvarinnar eða Vogaskóla. Skólinn er löngu ofmannaður af nemendur umfram viðmið og reglugerðir um brunavarnir. Aðstaða Buskans er engin í skólanum og erum við bundin við að samnýta sali, stofur og önnur rými í lok kennslu á daginn. Rými Buskans hefur verið lokað frá janúar 2023 og er ekkert útlit fyrir að viðgerðum og úrbótum verði lokið á þessu skólaári.
Aðgerðir til umbóta.	Á ekki við/Er ekki í höndum starfsfólks
Ábyrgð	Stjórnendur Skóla- og frístundasviðs ásamt Umhverfis- og skipulagssviði.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2023 - ????
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Á ekki við
Viðmið um árangur.	Á ekki við

Heiti aðgerðar: Opnunartími Buskans	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.
Tækifæri til umbóta.	Þröngur rammi er settur um opnunartíma félagsmiðstöðva á kvöldin og ekki er útlit fyrir því að fjölga eigi kvöldopnunum eða lengja þær. Dagopnanir taka mið af því hvenær kennslu lýkur á daginn og hvernig félagsmiðstöðin geti mannað þær vaktir. Hugsanlega er hægt að færa til dagopnanir eftir samráði við nemendur í Buskaráði en það stýrist því miður á mönnun vakta vegna funda og annarra skyldna forstöðumanns.
Aðgerðir til umbóta.	Nýta Buskaráð til að skoða lausa tíma í töflu starfsfólks til að efla klúbba og/eða hópastarf á milli og fyrir opnanir.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026-Desember 2026
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Árangur eru endurmetinn um áramót ásamt öðrum umbótaratriðum á starfsdegi félagsmiðstöðvarinnar í byrjun vorannar.
Viðmið um árangur.	Taka saman í Excel skjali lausa tíma í vaktatöflum starfsmanna og bera saman fyrir og eftir aðgerð hvort að við hefðum náð að nýta tímann betur í þágu ungmenna með þeirra samvinnu og samráði.

Heiti aðgerðar: Húsnæðiskröfur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).
Tækifæri til umbóta.	Tækifæri til umbóta eru ekki í höndum stjórnenda félagsmiðstöðvarinnar eða Vogaskóla. Skólinn er löngu ofmannaður af nemendur umfram viðmið og reglugerðir um brunavarnir. Aðstaða Buskans er engin í skólanum og erum við bundin við að samnýta sali, stofur og önnur rými í lok kennslu á daginn. Rými Buskans hefur verið lokað frá janúar 2023 og er ekkert útlit fyrir að viðgerðum og úrbótum verði lokið á þessu skólaári.
Aðgerðir til umbóta.	Á ekki við/Er ekki í höndum starfsfólks
Ábyrgð	Stjórnendur Skóla- og frístundasviðs ásamt Umhverfis- og skipulagssviði.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2023 - ????
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Á ekki við
Viðmið um árangur.	Á ekki við

Heiti aðgerðar: Efniviður og búnaður félagsmiðstöðvarinnar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sbr. gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).
Tækifæri til umbóta.	Hægt væri að skipuleggja það litla geymslurými sem til er betur og nýta Buskaráð til að ræða hvaða áherslu unglingarnir vilja leggja á innkaup á efnivið og búnaði sem félagsmiðstöðin fjárfestir í.
Aðgerðir til umbóta.	Halda fund með starfsfólki og Buskaráði þar sem innkaup væru til umræðu. Ákveðin upphæð af fjárúthlutun félagsmiðstöðvarinnar eru teknar til hliðar og unglingar fá að tala fyrir því hvað ætti að kaupa og afhverju. Stjórnendur meta svo uppástungurnar á starfsmannafundi og halda því næst kosningar til að komast að því hvað skal keypt. Með þessari aðgerð er hægt að tryggja að keypt sé efniviður og búnaður sem unglingum finnst að muni nýtast þeim í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2027 – Janúar 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Árangur er metinn á þátttöku unglinga í verkefninu sjálfu og svo framkvæmd þess ígrunduð á starfsmannafundi félagsmiðstöðvarinnar. Einnig væri hægt að kortleggja nýtingu efniviðar/búnaðar sem keyptur var yfir önnina.
Viðmið um árangur.	Tóku unglingar þátt í ákvarðanatöku varðandi efnviðar- og búnaðarkaup: Já/Nei Ígrundun með Buskaráði hvernig þeim fannst þetta fyrirkomulag ganga og hvað þau vildu gera öðruvísi næst.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Minecraft klúbburinn:

Minecraft klúbburinn var stofnaður af nemendum á miðstigi til að vera með fastan tíma til að spila saman í félagsmiðstöðinni ásamt því að geta sett sér markmið sem hópur. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar styður við þátttakendur klúbbsins en klúbbnum er stjórnað af þátttakendum sem ákveða dagskrá og markmið fyrir hvern mánuð fyrir sig. Klúbburinn hefur veitt þátttakendum aukin tækifæri til að mynda sterk félagsleg tengsl við hvort annað og stóraukið þátttöku þeirra í almennu starfi félagsmiðstöðvarinnar.

Dungeons og Dragons:

Dungeons og Dragons e.D&D klúbburinn var stofnaður í byrjun september 2026. Stofnun hans var að beiðni unglinga þvert á árganga og veitir þátttakendum tækifæri og aðstöðu til að spila spunaspil undir leiðsögn starfsmanns. Klúbburinn hefur stækkað í vinsældum en því miður er einungis hægt að hafa takmarkaðan fjölda unglinga í hverju og einu spunaspili. Athuganir eru í gangi hvort að grundvöllur sé fyrir því að stofna annan D&D klúbb.

Stelpuklúbbur í 10.bekk (GELLÓ GELLÓ GELLÓ):

Stofnaðu var stelpuklúbbur í 10.bekk sem áframhaldandi vinna við starfi ákveðinna hópa í vinnuskólanum síðastliðið sumar. Stelpur í 10.bekk úr Vogaskóla voru þátttakendur í tveimur mismunandi vinnuskólahópum og var því kjörið tækifæri að stofna stelpuklúbb fyrir alla þessa þátttakendur. Í klúbbnum er markmiðum vinnuskólahópanna fylgt eftir og unnið með sjálfstraust og vellíðan í félagsmiðstöðinni. Dagskráin er skipulögð af hópnum sjálfum og klúbburinn er á ábyrgð forstöðumanns með aðstoð frá öðru starfsfólki.

Ærslaklúbburinn (Strákaklúbbur í 5.bekk):

Hópur stráka í 5.bekk eru búnir að eiga erfitt með að fóta sig félagslega í Buskanum og var ákveðið að stofna útivistar- og ærlasklúbb fyrir stráka í 5.bekk. Klúbburinn hittist annan hvern föstudag undir stjórn tveggja starfsmanna með mikla reynslu af úti- og ævintýralegu námi. Markmiðið er að búa til vinahóp með jákvæðum samskiptum þar sem einstaklingum líður vel með að vera þeir sjálfir.

Helstu dagsetningar

Ágúst

24.8 Skólasetning og starfsdagur félagsmiðstöðvarinnar

25.8 Fyrsta opnun félagsmiðstöðvar

28.8 Fyrsta opnun félagsmiðstöðvar

September

9.9 Nýnemaball

9-10.9 Starfsdagar Samfés

25-27.9 Hinsegin Landsmót Samfés

Október

7.10 6-U ball

9-11.10 Landsmót Samfés

21.10 Félagsmiðstöðvardagurinn

22.10 Vetrarfrí

23.10 Vetrarfrí

26.10 Vetrarfrí

30.10 Halloween

Nóvember

2.11 Stofnfundur Buskaráðs

6.11 Dagur gegn einelti

10.11 Skrekkur (Vogaskóli)

13.11 Sameiginlegur starfsdagur félagsmiðstöðvanna

20.11 Rímnaflæði

23-27.11 Fjölmenningarvika

23.11 Amnesty fræðsla og verkefnavinna

25.11 Fána- og velkomin föndur

27.11 Fjölmenningarmathöll

Desember

4.12 Gistinótt Buskans

9.12 Afmæli Samfés

15.12 Endurmat á einstaklingsáætlunum Buskans

21.12 Jólaferð Buskans

23.12 Seinasta opnun fyrir jól

30.12 Áramótagleði Buskans

Janúar

4.1 Endurmat á árangri Buskaráðs

4.1 Fyrsta opnun 2027

5.1 Fundur Buskaráðs um innkaup Buskans

22.1 Samfés Con

Febrúar

8.2 Bolludagur

9.2 Sprengidagur

10.2 Öskudagur

12.2 Óvissuferð 10.bekkjar

22-23.2 Vetarfrí

Mars

5.3 Danskeppni Samfés

6.3 Stíll

25-30.3 Páskafrí

Apríl

1.4 Skráning í söngkeppni Samfés hefst

6-7.4 Aðalfundur Samfés – Egilsstöðum

15-16.4 Vorferð Buskans

27.4 Menntastefnumót

Maí

6.5 Uppstigningardagur

7-8.5 SAMFEST

17.5 Annar í Hvítasunnu

Júní

1-11.6 Undirbúningur fyrir sumarstarf

10.6 Skólaslit

14.6 Fyrsti dagur sumarstarfsins

17.6 Lýðveldisdagurinn

Júlí

5-6.7 Útilega Fimmunnar

13.7 Seinasti vinnudagur fyrir sumarfrí